

## 1005. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 20. ágúst 2008 kl. 18:15 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Gunnar Páll Pálsson, Stefanía Magnúsdóttir, Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir, Jón Hrafn Guðjónsson, Jón Magnússon, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Valur M. Valtýsson, Steinar J. Kristjánsson og Árni Leósson sem ritar fundargerð.

Dagskrá:

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar yfirfarin. Samþykkt og undirrituð.

### 2. Sex mánaða uppgjör

Gunnar Páll lagði fram skjalið „Áætlun/rauntölur 2008“ með sex mánaða uppgjóri VR. Þar kom m.a. fram að rekstrartekjur eru umfram áætlun og rekstrargjöld nokkurn vegin á áætlun. Fjármunatekjur þó töluvert yfir áætlun.

### 3. Staðan á vinnumarkaði

Gunnar Páll fór yfir stöðuna á vinnumarkaði nú í kjölfar efnahagsþrenginga og mikillar verðbólgu. Farið var yfir gjaldþrota- og hópuppsagnamál sem komu inn um síðustu mánaðamót; Mest byggingavöruhloti og lager – Just4kids – Farsímalagerinn og svo uppsögn 70 starfsmanna hjá Ræsi. Megum búast við erfiðu hausti en hagtölur eru þó nokkuð misvísandi.

### 4. LÍV þing

Gunnar Páll ræddi um framhaldsþing LÍV 19. – 20. september n.k. á Akureyri. Lagt fram *bréf til aðildarféлага LÍV* dags. 3. júlí 2008 sem undirritað var af Ingibjörgu R. Guðmundsdóttur, formanni LÍV. Í bréfinu er reifað að kjörbréf gildi áfram frá fyrra þingi þar sem um framhaldsþing sé að ræða og lögð fram dagskrá ofl.

Gunnar Páll lagði einnig fram tillögu stjórnar að lagabreytingum á *lögum LÍV* og fór yfir helstu atriði. Gunnar lagði til að VR styddi þessar breytingartillögur.

### 5. Erlent samstarf LÍV

Gunnar Páll lagði fram eftirfarandi skýrslur til fróðleiks:

- a. *Minnispunktar frá þingi UNI-Europa í Aþenu 23.-25. apríl 2007*
- b. *Minnispunktar um starfsemi Nordisk Handel árið 2007*
- c. *Starfsemi Nordisk Komité 2007*
- d. *Starfsemi UNI IBITS Norden – 2007*
- e. *UNI þing haldið í Genf 21.-23. nóvember 2007*
- f. *HK/Privat – þing í Kolding 18.-20. nóvember 2007*

### 6. Trúnaðarmenn

Kynntir eftirfarandi 14 trúnaðarmenn. Engin athugasemd. Samþykkt.

a	Anna Þ. Bachmann	Parlogis	Endurkjör
b	Aðalsteinn H. Jóhannsson	Tryggingamiðstöðin	Nýr
c	Svanhildur Benjamínsdóttir	Tryggingamiðstöðin	Nýr
d	Hjördís Garðarsdóttir	Neyðarlínan	Nýr
e	Guðný Ása Þorsteinsdóttir	Gróco ehf	Endurkjör
f	Birgir Már Guðmundsson	Sorpa bs	Endurkjör
g	Gunnar Helgi Guðmundsson	Byko	Endurkjör
h	Heiða Friðbjörnsdóttir	Stafir lífeyrissjóður	Nýr
i	Hlín Hlöðversdóttir	Krónos ehf	Nýr
j	Hrönn Valdimarsdóttir	Debenhams	Nýr
k	Kristín Gísladóttir	Félagsstofnun stúdenta	Endurkjör
l	Margrét Karlsdóttir	Hagkaup - Skeifunni	Endurkjör
m	Guðrún Sigtryggsdóttir	Vátryggingafélag Íslands	Nýr
n	Antonios Karaolanis	Landvélar	Endurkjör